

Nd.

462. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Í stað orðanna „fimm ára“ í síðasta málsl. 2. tölul. 3. gr. laganna komi: tíu ára.

2. gr.

Aftan við fyrri tölulið i 25. gr. laganna hætist:

Ráðherra skal setja, að fengnum tillögum veiðimálastjóra, reglur um það, hvaða veiðitæki megi nota til lax- eða silungsveiða, og skal í reglum þessum miða við þau veiðitæki, er líklegust þykja til þess, að fiskistofninn verði eigi upprættur. Í reglum þessum má ákveða fjölda veiðitækja, er notuð eru samtímis í veiðiá. Ennfremur má setja ákvæði um það, hversu langan tíma úr sólarbring megi samfleytt veiða í á, og má það vera mismunandi langur tími, eftir stærð veiðiár, eftir því hve auðvelt er að veiða og öðru því, sem við kann að eiga. Reglur þessar mega ekki brjóta í bág við friðunarákvæði laganna.

3. gr.

93. gr. laganna skal orða þannig:

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.